

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – september 2007

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri 43,2 ma.kr innan ársins, sem er sambærileg útkoma og var fyrir sama tímabil 2006. Hreinn lánsfjárfnuður er neikvæður um 19,6 ma.kr. sem 61,3 ma.kr. lakari útkoma en í fyrra. Það skýrist að mestu leyti af 30,3 ma.kr. kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og 44 ma.kr. eiginfjárframlagi til Seðlabanka Íslands. Tekjur án eignasölu reyndust 36,2 ma.kr. hærri en í fyrra og gjöldin hækka um 34,2 ma.kr. frá fyrra ári.

### Sjódstreymi ríkissjóðs janúar – september 2007 (Í milljónum króna)


	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2007</u>
Innheimtar tekjur	187.293	201.207	305.378	277.246	319.577
Greidd gjöld	195.857	212.932	233.596	233.632	267.875
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-8.564</b>	<b>-11.725</b>	<b>71.782</b>	<b>43.614</b>	<b>51.702</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-12.013	-	-56.755	-	-6.170
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-735	1.320	-446	258	-2.288
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-21.312</b>	<b>-10.405</b>	<b>14.581</b>	<b>43.872</b>	<b>43.245</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>20.202</b>	<b>7.969</b>	<b>45.165</b>	<b>-2.245</b>	<b>-62.887</b>
<b>Hreinn lánsfjárfnuður</b>	<b>-1.110</b>	<b>-2.436</b>	<b>59.746</b>	<b>41.627</b>	<b>-19.642</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-19.498</b>	<b>-30.843</b>	<b>-47.939</b>	<b>-38.071</b>	<b>-36.620</b>
Innanlands	-7.048	-5.676	-14.056	-15.198	-22.255
Erlendis	-12.450	-25.166	-33.883	-22.873	-14.365
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-5.625</b>	<b>-5.625</b>	<b>-2.950</b>	<b>-2.970</b>	<b>-2.970</b>
<b>Lánsfjárfnuður. brúttó</b>	<b>-26.233</b>	<b>-38.904</b>	<b>8.857</b>	<b>586</b>	<b>-59.232</b>
<b>Lántökur</b>	<b>31.467</b>	<b>40.679</b>	<b>11.698</b>	<b>24.978</b>	<b>61.587</b>
Innanlands	30.253	17.430	11.698	20.362	58.277
Erlendis	1.214	23.249	-	4.616	3.310
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>5.234</b>	<b>1.775</b>	<b>20.555</b>	<b>25.564</b>	<b>2.355</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 319,6 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Það er 42 ma.kr aukning frá sama tíma í fyrra, eða 13% sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila í ársbyrjun 2006 nemur aukningin 16,6%, en tölurnar hér á eftir taka mið af henni. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 13,1% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 7,7%. Aukning annarra rekstrartekna um 35,8% milli ára skýrist að mestu af auknum vaxtatekjum af skammtímalánum, en þær uxu um 125%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 103,6 ma.kr. og jukust um rúma 18 ma.kr. frá síðasta ári, eða 21,7%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 10%, tekjuskattur lögaðila jókst um 34,7% og fjármagnstekjuskattur um 49,7%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 6% milli ára á meðan launavísitalan hækkaði um 9,2%, en þess bera að gæta að skatthlutfallið lækkaði á milli ára úr 5,79% í 5,34%. Innheimta eignarskatta nam 8,4 ma.kr. og jókst um 22,1% frá sama tímabili í fyrra. Þar af námu stimpilgjöld 6,8 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur hefur aukist um tæpar 1.400 milljónir frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendrar eftirspurnar. Hún nam 142,5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst um 7,6% að nafnvirði frá fyrra ári eða 2,4% umfram hækkan vísitölu neysliverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 9,6% sem jafngildir 4,3% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Sé litið á síðustu mánuði, eða tímabilið frá því að lækkunar virðisaukaskatts þann 1. mars sl. tók að gæta til fulls í innheimtutölum, kemur fram lítillægur raunsamdráttur milli ára.

Eins og sést af myndinni hér að neðan þá hefur hægt verulega á raunvexti veltuskatta árið 2007 sem er enn ein vísbending um að dregið hafi úr umsvifum í hagkerfinu. Af helstu einstökum liðum veltutengdra skatta er mest aukning í sköttum á olíu og þungaskatti en vörugjöld af ökutækjum drögust hins vegar mest saman eða um tæp 12% milli ára.



**Greidd gjöld** námu 267,9 ma.kr og jukust um 34,2 ma.kr. frá fyrra ári eða 14,6%. Mest jukust gjöld vegna almannatrygginga- og velferðarmála, um 9,8 ma.kr eða 17,8% Þar munar mest um lífeyrstryggingar sem hækka um 5 ma.kr. á milli ára, fæðingarorlofsgreiðslur um 1,9 ma.kr og barnabætur um 1,1 ma.kr. Hlutfallslega jukust mest gjöld til almennrar opinberrar þjónustu, um 23,6% eða 6,8 ma.kr., en á þessu ári kom til greiðslu fyrsti gjalddagi nýrra ríkisbréfa og voru vextir vegna þessa 1,4 milljarðar kr. Aðrir stórir liðir eru vextir vegna lána til kaupa á Landsvirkjun að upphæð 600 m.kr. og auknar greiðslur vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Aukning útgjalda til heilbrigðismála milli ára er 6,4 ma.kr., efnahags- og atvinnumála 4,1 ma.kr og til menntamála 2,9 ma.kr.

**Lánsfjárförf ríkissjóðs** fyrstu níu mánuði ársins nam 59,2 ma.kr. í heild, en hrein lánsfjárförf var 19,6 ma.kr. Afborganir lána fyrstu níu mánuðina eru 36,6 ma.kr., þar af hafa 14,6 ma.kr verið greiddir upp af erlendum lánnum. Heildar lántökur tímabilsins nema 61,6 ma.kr. þar af hafa rúmir 58 ma.kr. verið teknir að láni innanlands. Lánsfjárförf ríkisins á árinu 2007 skýrist einkum af lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun og hins vegar eiginfjáruakningu Seðlabankans, sem var fjármögnuð með því að ganga á innstæðu á reikningi ríkissjóðs í bankanum.

## Tekjur ríkissjóðs janúar – september 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>228.399</b>	<b>260.030</b>	<b>290.360</b>	<b>22,0</b>	<b>13,8</b>	<b>11,7</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>73.933</b>	<b>88.400</b>	<b>103.611</b>	<b>24,1</b>	<b>19,6</b>	<b>17,2</b>
Tekjuskattur einstaklinga	48.895	54.830	60.298	10,2	12,1	10,0
Tekjuskattur lögaðila	8.179	17.117	18.681	9,4	109,3	9,1
Skattur á fjármagnstekjur	16.859	16.452	24.632	118,3	-2,4	49,7
<b>Eignarskattar</b>	<b>10.873</b>	<b>6.897</b>	<b>8.426</b>	<b>44,8</b>	<b>-36,6</b>	<b>22,2</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>116.093</b>	<b>132.458</b>	<b>142.483</b>	<b>20,5</b>	<b>14,1</b>	<b>7,6</b>
Virðisaukaskattur	78.353	91.137	99.878	22,3	16,3	9,6
Vörugjöld af ökutækjum	7.856	8.256	8.085	71,9	5,1	-2,1
Vörugjöld af bensíni	6.826	6.904	7.076	5,3	1,1	2,5
Skattar á olíu	3.907	4.994	5.572	-12,6	27,8	11,6
Áfengisgjald og tóbaksgjald	8.091	8.437	8.803	5,5	4,3	4,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	11.060	12.730	13.069	21,5	15,1	2,7
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>2.456</b>	<b>3.311</b>	<b>4.175</b>	<b>9,2</b>	<b>34,8</b>	<b>26,1</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>1.340</b>	<b>1.461</b>	<b>2.519</b>	.	<b>9,0</b>	<b>72,4</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>23.704</b>	<b>27.504</b>	<b>29.146</b>	<b>16,4</b>	<b>16,0</b>	<b>6,0</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>321</b>	<b>885</b>	<b>850</b>	<b>15,1</b>	<b>175,7</b>	<b>-3,9</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>19.512</b>	<b>15.783</b>	<b>21.437</b>	<b>43,4</b>	<b>-19,1</b>	<b>35,8</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>57.145</b>	<b>547</b>	<b>6.930</b>	-	20,0	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>305.377</b>	<b>277.246</b>	<b>319.577</b>	<b>51,8</b>	<b>-9,2</b>	<b>15,3</b>

## Gjöld ríkissjóðs janúar – september 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	29.003	35.847	...	23,6
þar af vaxtagreiðslur	...	7.865	11.223	...	42,7
Varnarmál	...	450	568	...	26,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	...	10.045	11.607	...	15,6
Efnahags- og atvinnumál	...	31.959	36.025	...	12,7
Umhverfisvernd	...	2.512	2.897	...	15,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	...	299	322	...	7,6
Heilbrigðismál	...	62.484	68.906	...	10,3
Menningar-, íprótta- og trúmál	...	10.194	11.634	...	14,1
Menntamál	...	26.153	29.046	...	11,1
Almannatryggingar og velferðarmál	...	54.806	64.556	...	17,8
Óregluleg útgjöld	...	5.727	6.466	...	12,9
<b>Gjöld alls</b>	...	<b>233.632</b>	<b>267.875</b>	...	<b>14,7</b>